

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarundur, haldinn laugardaginn 20.04.2013 kl. 10:00 á Kjóavöllum.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Hannes Hjartatson, Guðmundur Hagalínsson og Ingibjörg G. Geirsdóttir. Auk þess mætti Birgir Sigurðsson skipulagsstjóri Kópavogs á fundinn.

1. Skipulagsmál.

Birgir Sigurðsson fór yfir skipulagsmál í nágrenni Kjóavalla en verið er að vinna nýtt Aðalskipulag fyrir Kópavogsbæ. Farið var yfir skipulagshugmyndir byggðar í nágrenni við Guðmundarlund, Básaskarð og á holtinu ofan við Landsenda. Áhersla lögð á að halda reiðleiðum greiðum út frá svæðinu.

2. Farandbikarar.

Innkalla alla eldri farandbikara og koma þeim fyrir í væntanlegri reiðhöll.

Firmakeppni – sleppa bikurum.

Íþróttakeppni og Gæðingakeppni. Fá nýja bikara og samræma útlit þeirra.

Ákveðið að auglýsa eftir styrktaraðilum sem leggðu til fjárframlög til kaupa á nýjum farandgripum (HH/GH).

3. Firmakeppni laugardaginn 27.4.2013

Haldin á nýja hringvellingum. Vallarnefnd geri völl kláran fyrir keppni (SS). Mótanefnd aðstoðar við framkvæmd keppinnar.

4. Umhverfisdagur þriðjudaginn 23.4.2013

Umhverfisnefnd dreifi upplýsingum í öll hesthús varðandi framkvæmd (SS/Kristín Njálisdóttir).

Kópavogur leggur til 2 gáma og Garðabær veitir styrk á móti kostnaði við einn gám skv. Erlu Bil umhverfisstjóra Garðabæjar (IGG).

5. Staða framkvæmda á Kjóavöllum.

Reiðhöll. Fundur í framkvæmdanefnd (verkefnastjórn) á þriðjudag 23.4.2013. Mikill tími hefur farið í verkefnið hjá GE Verkís vegna tafa, m.a. vegna sigs í púða. Krefja Kópavogsbæ um greiðslu kostnaðar vegna þessa.

Keppnisvöllur. Framkvæmdir komnar á lokastig. Hafa samráð við Óskar í umhverfisnefnd vegna sáningar í brekkur á svæðinu (SS).

6. Reiðskóli sumarið 2013.

HV hefur verið að vinna í reiðskólamálum. Tveir aðilar áhugasamir. Oddrún Sigurðardóttir og Ragnhildur í Víkingahestum. Þarf að ganga frá rekstri reiðskólans til eins árs til reynslu sem allra fyrst.

Ræða þarf við Kópavog um beitarland fyrir reiðskóla (SS/HV).

7. TREK.

Tillaga frá ÞS um að koma upp TREK braut á gamla hringvellingum (og beinu brautinni). Athuga hvað þarf til og leggja fyrir stjórn (ÞS).

8. Næsti fundur þriðjudaginn 30. apríl, kl. 18:00

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 11:40

Fundargerð ritaði Guðmundur Hagalínsson